



## Spáum 5,8% verðbólgu í febrúar

Hagstofan birtir febrúarmælingu vísitölu neysluverðs (VNV) föstudaginn 25. febrúar. Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,8% hækkun vísitölu milli mánaða. Gangi spáin eftir hækkar verðbólga úr 5,7% í 5,8%. Við spáum því að verðbólga án húsnæðis verði 3,7% í febrúar sem yrði þá óbreytt frá því í janúar.

Árstíðarbundin hækkun á fötum og skóm annars vegar og húsgögnum og heimilisbúnaði hins vegar vegur hvað þýngst til hækkunar verðlags í febrúar. Þessir liðir lækka jafnan töluvert í janúar og hækka síðan aftur í febrúar. Að þessu sinni teljum við að samanlögð áhrif þessara tveggja liða til hækkunar verðlags verði 0,4% af samtals 0,8% hækkun vísitölu neysluverðs. Næststærsti áhrifapátturinn á verðlagið í spánni er hækkun á dælueldsneyti en samkvæmt verðmælingu okkar hækkaði verð á bensíni og dísilolíu um 3,7% í febrúar. Áhrif þessa á hækkun verðlags eru 0,12%. Þessi hækkun fylgir eftir þeirri hækkun sem orðið hefur á heimsmarkaðsverði olíu. Áhrif fasteignaverðs eru einnig töluvert eða 0,11%. Við gerum ráð fyrir að fasteignaverð hækki um 0,8% í febrúar sem yrði nokkuð minni hækkun en verið hefur á undanförunum mánuðum.


### Óvænt mikil hækkun á verðlagi í janúar

Verðbólguþá mæling janúarmánaðar kom töluvert á óvart. Verðlag hækkaði um 0,5% milli mánaða í janúar en við höfðum spáð 0,2% lækkun. Sá einstaki liður sem skýrði mest af spáskekkjunni var reiknuð húsaleiga. Verðbreytingar á fasteignaverði milli mánaða höfðu farið úr 1,75% í september og niður í 0,72% í desember. Við töldum því að þessar miklu og þrálátu verðhækkningar á markaðnum væru að baki. Það kom því töluvert á óvart að sjá 1,53% hækkun fasteignaverðsins í janúar.

Verðbólga á 12 mánaða grundvelli mældist 5,7% í janúar sem er mesta verðbólga hér á landi í tæplega 10 ár. Þetta var jafnframt mesta hækkun á verðlagi milli janúar og desember síðan í janúar 2009. Eftir hrun hefur venjan verið sú að verðlag lækki milli þessara mánaða og skýrist það fyrst og fremst af árstíðarbundnum útsölum á fötum og skóm og húsgögnum og heimilisbúnaði. Fyrir

Undirlíður	Vægi í VNV	Spá	
		Breyting	Áhrif
Matur og drykkjarv.	14.5%	-0.05%	-0.01%
Áfengi og tóbak	2.7%	0.40%	0.01%
Föt og skór	3.5%	5.70%	0.20%
Húsn. án reikn. húsaleigu	14.9%	0.74%	0.11%
Reiknuð húsaleiga	17.4%	0.61%	0.11%
Húsgögn og heimilisb.	6.3%	3.14%	0.20%
Heilsa	3.6%	0.34%	0.01%
Ferðir og flutningar (annað)	3.7%	-0.22%	-0.01%
Kaup ökutækja	5.4%	-1.09%	-0.06%
Bensín og díselolía	3.2%	3.70%	0.12%
Flugfargjöld til útlanda	1.5%	-1.45%	-0.02%
Póstur og sími	1.6%	0.52%	0.01%
Tómst. og menning	9.5%	0.83%	0.08%
Menntun	0.6%	0.03%	0.00%
Hótel og veitingast.	4.7%	0.15%	0.01%
Aðrar vörur og þjónusta	7.1%	0.33%	0.02%
Alls	100%		0.77%

Hækkun verðlags milli desember og janúar



Heimild: Hagstofa Íslands



Þessa hækkun nú í janúar hafði verðlag ekki hækkað milli þessara mánuði síðan 2013.

### **Horfurnar næstu þrjú mánuði**


Spá okkar til næstu þriggja mánaða er að VNV hækki áfram næstu mánuði. Við spáum 0,38% hækkun í mars, 0,27% í apríl og 0,26% í maí. Gangi spáin eftir mun verðbólgan verða 5% í maí en verðbólga án húsnæðis 3,6%.

### **Verðbólguþróun erlendis eykur enn á óvissuna um innlenda verðbólguþróun**

Óvissan um verðbólguþróunina er meiri nú en oft áður. Helgast það ekki síst af þeirri miklu aukningu á verðbólgu sem verið hefur erlendis. Verðbólga í helstu viðskiptalöndum Íslands, eins og Bandaríkjunum og Þýskalandi, hefur ekki verið jafn mikil í áratugi. Verðbólga í Bandaríkjunum var 7,1% í desember og 5,3% í Þýskalandi. Aukin verðbólga skýrist að töluvert miklu leyti af mikilli hækkun á orku- og hrávöruverði í heiminum og hefur hærri verðbólga aukið óvissuna um verðbólguþróunina fram á við. Fram eftir síðasta ári voru skilaboð ýmissa seðlabanka eins og t.d. þess bandaríska að um væri að ræða tímabundna hækkun verðbólgu sem myndi ganga tiltölulega hratt til baka af sjálfu sér. Nú bendir flest til þess að verðbólgan verði þrálátari en áður var talið.


Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) hefur á skömmum tíma hækkað verðbólguþróun sína fyrir Bandaríkin og evruríki á þessu ári verulega. Undir árslok spáði sjóðurinn því að verðbólga í Bandaríkjunum yrði 3,5% á þessu ári og 1,7% á evrusvæðinu. Nýjasta spá sjóðsins hljóðar hins vegar upp á 5,9% verðbólgu í Bandaríkjunum og 3% á evrusvæðinu.

**Verðbólguþróun með og án húsnæðis**



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans

**Breyting á verðbólguþróun AGS**



Heimild: Seðlabanki Íslands



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.